

IV. KAFLI

13. gr.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til að gilda frá og með 21. mars 1976 og birtist til eftirbreytni öllum, sem blut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis, nr. 15 22. janúar 1976.

Iðnaðarráðuneytið, 18. mars 1976.

F. h. r.

Árni Snævarr.

Jóhannes Guðfinnsson.

Nr. 62.

11. mars 1976.

REGLUGERÐ
um Reiknistofnun Háskólans.

1. gr.

Reiknistofnun Háskólans lýtur yfirstjórn háskólaráðs.

2. gr.

Hlutverk stofnunarinnar er:

- a) að annast rekstur reiknimiðstöðvar við Háskóla Íslands til úrvinnslu verkefna kennara og nemenda og annarra starfsmanna háskólans og stofnana hans,
- b) að annast reikniþjónustu fyrir aðila utan háskólans, þó skulu þarfir háskólans hafa forgang,
- c) að gangast fyrir námskeiðum og fyrirlestrum til kynningar á nýjungum og fást við hver þau verkefni önnur, er stuðlað geta að eflingu þjónustustarfsemi reiknistofnunarinnar.

3. gr.

Menntamálaráðherra skipar forstöðumann stofnunarinnar til tveggja ára í senn, að fengnum tillögum háskólaráðs, sem setur forstöðumanninum erindisbréf. Háskólaráð skipar fjóra menn til að sitja í stjórn stofnunarinnar með forstöðumanni til tveggja ára. Verkfræði- og raunvísindadeild tilnefnir tvo þeirra og skulu þeir ekki vera úr sömu skor, viðskiptadeild tilnefnir einn, hinn fjórða skipar háskólaráð án tilnefningar.

4. gr.

Stjórnin kýs úr sínum hópi formann og varaformann. Formaður boðar stjórnarfund. Falli atkvæði jöfn á stjórnarfund ræður atkvæði formanns. Stjórnin fjallar um öll meiriháttar mál, ræður starfslið, samþykkir rekstraráætlanir og semur gjaldskrá yfir selda þjónustu. Tillaga um gjaldskrá skal fylgja fjárlagaáætlun fyrir stofnunina ár hvert.

5. gr.

Forstöðumaður stofnunarinnar hefur umsjón með daglegum rekstri hennar og sér um framkvæmd á þeim málum, sem stjórnin felur honum. Forstöðumaður er í starfi sínu ábyrgur gagnvart stjórn.

6. gr.

Tekjur stofnunarinnar eru:

- a) fjárveitingar á fjárlögum,

- b) tekjur af þjónustu sem seld er utan og innan háskólans,
c) gjafir.

Stefnt skal að því að tekjur af þjónustu fullnægi sem mest fjárförf stofnunarinnar bæði til reksturs og tækjakaupa miðað við eðlilegan endingartíma. Reikningshald stofnunarinnar skal vera hluti af reikningshaldi háskólans. Fjárlagatillögur stofnunarinnar skulu vera hluti af fjárlagatillögum háskólans.

7. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi felldar 5. málsgr. 5. gr. og 3. málsgr. 8. gr. í reglugerð nr. 537/1975, um Raunvísindastofnun Háskólans.

Í menntamálaráðuneytinu, 11. mars 1976.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Birgir Thorlacius

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á freðfiski fyrir framleiðslutímabilið 16. febrúar til 30. júní 1976.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, vill ráðuneytið hér með staðfesta eftirfarandi verðgrundvöll á freðfiski fyrir framleiðslutímabilið 15. febrúar til 30. júní 1976:

ÞORSKUR:

	Ísl. kr. á lb. Cif.
4x14 m/r interl.	97.97
4x14 r/l og 8x7 r/l	103.90
10x5, 3x18 og 4x12	177.04
5x10 og 4x13	185.90
4x15	189.28
12x1	189.28
Blokk	131.84
Blokk 24½	135.61

ÝSA:

4x14 m/r interl.	105.31
10x5 og 3x18	175.58
12x1	183.81
Blokk	133.52
Blokk 24½	137.18

STEINBÍTUR:

8x7 r/l	89.80
10x5	183.15
12x1	183.15
Blokk	130.16